

From: Finnbjörn [finnbjorn@simnet.is]
Sent: 29. nóvember 2011 11:35
To: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.
Subject: Tillögur stjórnlagaráðs

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/516
komudagur 29.11.2011

Ég undirritaður, frambjóðandi til stjórnlagabings, hef kynnt mér tillögur stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá og fylgst með þeim takmörkuðu umræðum sem verið hafa varðandi tillöguna. Allt leiðir þetta mig að sömu niðurstöðu varðandi tillöguna og það er að stjórnlagaráð hefur skilað afar vandvirku skjali til Alþingis, sem byggt er á umfangsmikilli undirbúningsvinnu, m.a. á þjóðfundi um nýja stjórnarskrá fyrir íslensku þjóðina, þar sem vilji þjóðarinnar kom skýrt fram um þetta mál.

Því þykir mér skjóta skökku við að Alþingi, sem því miður hefur takmarkað traust almennings í dag, skuli skipa sérstaka nefnd til að fjalla um tillöguna. Frekar hefði átt að efla almennar umræður um skjalið og leita eftir athugasemdum sem síðan yrðu ræddar af stjórnlagaráði og breytingar gerðar á tillögum ráðsins þætti tilefni til. Að lokum ætti að setja nýja stjórnarskrá í heild sinni í þjóðaratkvæðagreiðslu án aðkomu Alþingis til samþykktar eða synjunar.

Í mínum huga hefur stjórnlagaráð, sem er þjóðkjörið (þrátt fyrir að vera skipað í framhaldi af dómsmáli), sterkara umboð en einstaka alþingismenn, sem eru kjördæmakjörnir og hlyntir ýmsum sérhagsmunaöflum, til að setja saman tillögu um nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland.

Virðingarfyllst,

Finnbjörn Gíslason,
Spóahólum 8,
111 Reykjavík.

Kt: 011047-3359